

- 75 14. *Pálmholtsvegur*, af Þjóðveginum hjá Reystrará um Pálmholt og Búland á Ósveg 31. maí hjá Syðribakka.

Árskógshreppur:

15. *Vallholtsvegur*, af Dalvíkurvegi við Þorvaldsdalsá um Vallholt og Brattavelli að landamerkjum Kleifar.

Dalvíkurhreppur:

16. *Holtsvegur*, af Múlavegi við Brekkunaust að Holti.

Svarfaðardalshreppur:

17. *Skiðadalsvegur*, af Hrísavegi vestan Skiðadalsárbrúar fram vestan ár að Kóngsstöðum, með álmu yfir á brú norðan Klængshóls.

18. *Urðavegur*, af Svarfaðardalsvegi hjá Urðum norðan ár að Atlastöðum, með álmu yfir brú á Svarfaðardalsá við Lambá um Hæringsstaði að Búrfelli og Skeiði.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi, jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 54 27. maí 1929, um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Eyjafjarðarsýslu, nr. 56 17. maí 1926.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1958.

Hermann Jónasson.

Brynjólfur Ingólfsson.

76

9. júní

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skyldusparnað, nr. 184 frá 27. nóv. 1957.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðarbygginga eða bústofnunar í sveit.

Skyldusparnaðurinn hefst við næstu mánaðarmót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðarmót eftir að hann verður 26 ára.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

- a. gift fólk, sem hefur stofnað heimili;
- b. skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar meðan þeir stunda iðnnám;
- c. unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupi sínu, að fæði frádregnu, í bústofsaukningu;

d. þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er **76** hafa yfir 30 þúsund krónur skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili 9. júní að sjá.

Heimilt er undirskattaneftndum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðar-skyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrgðar. Úrskurði undirskattaneftndar má áfrýja til félagsmálaráðherra.

Sá sem er undanþeginn skyldusparnaði, samkvæmt þessari grein, skal þó fá tilskilinn hluta launa sinna greiddan í sparimerkjum, sbr. 1.—2. gr. reglugerðar þessarar, en sparimerki fær hann greidd hjá næsta pósthúsi, sem selur sparimerki, sbr. 8. gr.

3. gr.

6. gr. 2. mgr. orðist svo:

Ef bókareigandi er giftur og hefur stofnað heimili, skal hann framvísa gift-ingarvottorði sínu. Sé hann námsmaður, skal hann leggja fram vottorð skólastjóra um, að hann hafi stundað skólanám í 6 mánuði eða lengur á því almanaksári, sem tekjurnar falla til á. Iðnnemar skulu framvísa námssamningi, staðfestum af lög-reglustjóra.

Útlendingar skulu sanna fyrirhugaða brottför sína með því að framvísa farseðli sínum til útlanda.

Þeir, sem hafa á framfæri sínu börn eða aðra skylduómaga, sbr. d-lið 5. gr., skulu framvísa vottorði undirskattaneftndar eða skattstjóra. Sama gildir, er um er að ræða undanþágu samkvæmt 2. mgr. 5. gr. nema ákvörðun undirskattaneftndar eða skattstjóra hafi verið áfrýjað, þá skal framvísa ráðuneytisbréfi um undanþáguna. Eftir að hafa athugað hvort hlutaðeigandi bókareigandi á rétt til undanþágu frá skyldusparnaði, samkvæmt framlögðum gögnum, ritar lögreglustjóri eða hreppstjóri vottorð um undanþáguna í sparimerkjabókina. Jafnframt skal hann auðkenna þau sparimerki, sem vera kunna í sparimerkjabók hlutaðeigandi manns, og undanþágan tekur ekki til, með stimpli sínum eða með upphafsstöfum sínum, ef stimpill er ekki fyrir hendi.

4. gr.

Ný grein, sem verður 20. grein, svo hljóðandi, og breytist greinatala reglugerðarinnar því til samræmis:

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 45 11. júní 1958, um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, Byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Í félagsmálaráðuneytinu, 9. júní 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.